

LÖGMANNABLAÐIÐ

12. árgangur | júní | 2/2006

Lögmennska og fjölskyldulíf



Lögmannafélag
Íslands



Lögmennska og fjölskyldulíf

Kristín Edwald og Einar Karl Hallvarðsson:
Auðveldara að vera fræg poppstjarna

8

Ástríður Gísladóttir og Steinar Þór Guðgeirsson:
Ekki erfiðara en hjá fólki í öðrum störfum

10

Hjördís E. Harðardóttir og Arnór Halldórsson:
Skilningur á því að menn vinna á daginn

11

Fagtengt efni

Sölvi Sölvason:

Hádegisverðarfundur:

Breytingar á hlutafélagalögum og bann 104. gr. hluta-
félagalaga við lánveitingum til hluthafa og stjórnarmanna.

14

Viðtal við Kristján Andra Stefánsson:

Kvartanir og ábendingar afar mikilvægar fyrir ESA

18

Umsagnir laganefndar LMFÍ

20

Anna M. Karlsdóttir:

Ný heimasíða dómstólanna

21

Frá úrskurðarnefnd lögmanna

24

Björn Þorvaldsson:

Gagnrýni á lögreglu og ákærvald svarað

28

Viðtöl við Viðar Lúðvíksson og Jóhannes Albert Sævarsson:

Lögmenn og námskeið erlendis

30

Fastir pistlar

Hrafnhildur Stefánsdóttir:

Frá ritstjórn

4

Af vettvangi stjórnar LMFÍ

6

Helgi Jóhannesson:

Pistill formanns

17

Eyrún Ingadóttir

Fréttir frá félagsdeild

25

Á léttum nótum

Meistaradeild LMFÍ í innanhúsknattspyrnu 2006

13

Árshátíð LMFÍ:

Mörður kom, sá og sigraði!

22

Af Merði lögmanni

26

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sími (tel.): 568-5620

Bréfsími (fax): 568-7057

Netfang: (E-mail): lmfi@lmfi.is

Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:

Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

RITNEFND:

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttur hdl.,

Sigurður Arnalds hrl.,

Svanhvít Axelsdóttir hdl.,

Sölvi Sölvason hdl.,

Tómas Eiríksson hdl.,

Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMAÐUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Helgi Jóhannesson hrl., formaður

Helga Jónsdóttir hdl., varaformaður

Ástríður Grímsdóttir hdl., ritari

Stefán Geir Þórisson hrl., gjaldkeri

Lárentsínus Kristjánsson hrl., með-

stjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri

Eyrún Ingadóttir félagsdeild

Hjördís J. Hjaltadóttir ritari

Forsíðumynd: Nokkrir lögmenn ásamt
börnum sínum, sján nánar í blaðinu.

Ljósmynd: Eyrún Ingadóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2.000 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 700 + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:

Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.,

sími 533 4440

ISSN 1670-2689

nashuatec

Kauptu tímalausa hugmynd



Nýjasta tækni Nashuatec sannar að góð hugmynd er tímalaus hafi menn kunnáttu og dug til að nýta hana. Hún léttir þér lífið og býður allt í senn: ljósritun, prentun, faxesendingar og skönnun. Og þetta eru aðeins nokkrir sjálfsagðir eiginleikar þessarar framúrskarandi samstæðu frá Nashuatec.

Að ljósrita eða prenta A3 eða minna, beggja vegna í lit eða allt í einu. Skannaðu, faxesaðu, heftaðu eða sendu með tölvupósti í fullum lit. Pappírssamskipti og rafræn samskipti, um innri vefinn eða veraldarvefinn. Þetta er tækni Nashuatec sem hefur að leiðarljósi hagræðingu og betri samskipti á nútíma skrifstofu.

Hafðu samband við ráðgjafa Nashuatec á Íslandi.

Komdu og kynntu þér nýja tíma og miðlæga vinnslu.

Kynntu þér þjónustusamning með allt að 5 ára ábyrgð.

Nashuatec stendur fyrir áreiðanleika, hagstæðan rekstur og frábæra þjónustu er er grundvallar atriði í nútíma skrifstofuhaldi

Optima er aðili að rammamningi Ríkiskaupa

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8 - Sími 588 9000



Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

Atvinnulífið hefur tekið verulegum breytingum á undanförunum árum. Það sem var í gær verður ekki endilega óbreytt á morgun. Kröfur fólks til lífsgæða hafa einnig aukist. Fólk vill hafa meiri tíma til eigin ráðstöfunar. Hugtakið samræming atvinnu- og fjölskyldulífs hefur auk þess fengið lagalega merkingu en sú skylda hvílir á atvinnurekendum gagnvart starfsfólki samkvæmt jafnréttislögum. Stefnumótun, í starfsmannamálum sem öðru, er eitt af lykilorðum atvinnulífsins. Fyrirtæki þurfa bæði að laða að sér starfsfólk og halda því. Sama gildir um lögmannsstofur.

Sú tíðindi berast nú frá útlöndum að þar eigi lögmannsstofur undir högg að sækja. Í grein um þreytta lögmann sem ég rakst á í Financial Times segir að bandarískar lögmannsstofur sem aðhyllt hafi þjóðtrú yfirvinnunnar séu að byrja að átta sig á þeim óameríska sannleika að stundum þurfi að vinna minna til að afla meiri tekna. Yngri lögmann krefjist þess að geta átt sér líf utan lagayfirlegunnar og yfirgefi því lögmannsstofurnar sem sé afar kostnaðarsamt fyrir þær. Sama virðist upp á teningnum í Danmörku og Svíþjóð. Samkvæmt könnun félags danskra lögmannna og lögmannsfulltrúa, FAAF, sem birt var nú í apríl íhugar helmingur þeirra að hætta. Ástæðan sé langir vinnudagar, 46-47 klst. á viku, ójafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs og léleg stjórnun eða skortur á stjórnun. Við skýringu á niðurstöðunum hefur einnig verið bent á að mikið hafi verið um samruna lögmannsstofa. Stofurnar séu því orðnar stærri og möguleikinn á að verða meðeigandi minni. Gulrótin sé því ekki lengur til staðar. Lögmannsstofurnar nái líka síður til kvenna. Lausnin virðist felast í möguleika á sveigjanlegu vinnufyrirkomulagi og hlutavinnu. Samkvæmt könnuninni segjast yfir 80% svarenda munu íhuga að halda áfram ef slíkir kostir byðust. Formaður danska lögmannaráðsins

segir vinnukultúrin á lögmannsstofnunum þurfa að breytast til gagns fyrir alla aldurshópa, barnafólk og þá sem eldri eru. Það kalli hins vegar á breytt vinnuskipulag og aukna hópvinnu.

Meðalaldur sænskra lögmannna er 47 ár. Ungir lögmann fara inn á stóru stofurnar sem eru í fyrirtækjaviðskiptum en sýna stofum sem sinna almennri lögmannsþjónustu lítinn áhuga. Þar er nánast engin endurnýjun. Staða ungra kvenna er einnig áhyggjuefni. Eins og í Danmörku eru konur aðeins 20% lögmannna. Fulltrúarnir haldast illa í starfi meðal annars vegna skorts á sveigjanleika og möguleikum á starfsþróun. Formaður sænska lögmannafélagsins segir að ekki sé nægilegt að valið sé einungis milli þess að vera fulltrúi eða meðeigandi. Stofurnar hljóti að geta boðið samninga sem fela í sér aðrar lausnir fyrir barnafólk þannig að það geti að einhverju leyti notið þeirrar stöðu og þeirra tekna sem fylgja því að vera meðeigandi.

Þessi umræða vekur til umhugsunar þótt hún eigi ekki alls kostar við hér á landi, samanber viðtöl við lögmann sem birt eru í blaðinu. Þar kemur fram að lögmannsstarfið sé ekki erfiðara að þessu leyti en önnur störf og bjóði upp á nokkuð svigrúm til að laga það að heimili og börnum. Vinnutíminn geti verið sveigjanlegur þótt lögmaðurinn þurfi eðlilega að vera til staðar fyrir viðskiptavininn. Af því virðist mega ráða að íslenkar lögmannsstofur séu opnari fyrir nýjum lausnum. Því má þó ekki gleyma að margir lögmann, ekki síst konur, velja einyrkjafyrirkomulag í stofusamfélagi til þess að öðlast þetta frelsi.

Með ósk um gleðilegt sumar

Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.



Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Tryggðu þína ábyrgð og hringdu í síma **560 5000**.

Þar færðu allar nánari upplýsingar.



Váttryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 www.vis.is

Þar sem tryggingar
snúast um fólk

Af vettvangi stjórnar LMFÍ

Aðalfundur.

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands og félagsdeildar LMFÍ fóru fram á Hótel Sögu föstudaginn 10. mars s.l. Auk venjulegra aðalfundarstarfa voru til afgreiðslu tillögur um breytingar á samþykktum félagsins og reglum félagsdeildar, tillögur um breytingar á skipulagsskrá Námssjóðs LMFÍ á grundvelli skýrslu styrkja- og gjafanefndar og svo tillaga um hækkun árgjalds til félagsins. Skemmst er frá því að segja að allar framlagðar tillögur voru samþykktar samhljóða.

Á fundinum var Helgi Jóhannesson, hrl., endurkjörinn formaður félagsins, auk þess sem þau Ástríður Grímsdóttir, hdl., og Lárentínus Kristjánsson, hrl., voru kjörin í stjórn í stað Helgu Melkorku Óttarsdóttur, hdl. og Jóhannesar Alberts Sævarssonar, hrl. Auk þeirra þriggja sem kjörin voru í stjórn félagsins sitja áfram þau Helga Jónsdóttir, hdl., og Stefán Geir Þórisson, hrl.

Í varastjórn voru kjörin þau Hjördís Halldórsdóttir, hdl., Hörður Felix Harðarson, hrl. og Jóhannes Bjarni Björnsson, hrl. Í laganefnd félagsins næsta starfsár voru kjörin þau Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., Óttar Pálsson hrl., Ása Ólafsdóttir hrl., Birgir Már Ragnarsson hdl., Eva Bryndís Helgadóttir hdl., Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl. og Ólafur Eiríksson hdl.

Undir liðnum önnur mál var borin upp tillaga varðandi gjafsókn, en flutningsmenn tillögunnar voru Atli Gíslason, hrl., Bergþóra Ingólfsdóttir hdl., Jónas Haraldsson hrl., Jónas Þór Jónsson hdl. og Jóhannes Albert Sævarsson hrl. Eftir nokkrar umræður og breytingartillögur var eftirfarandi tillaga samþykkt.

„Aðalfundur LMFÍ haldinn 10. mars 2006 mótmælir því að Alþingi



Frá aðalfundi LMFÍ. Atli Gíslason í ræðustól. F.v. Helgi Jóhannesson, Arnar Þór Stefánsson og Hjördís E. Harðardóttir fundarstjóri.

hafi verið 2005 felld niður heimild til gjafsóknar samkvæmt b. lið 126. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar með eiga einstaklingar ekki rétt á gjafsókn í málum sem hafa verulega almenna þýðingu eða varða verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi, nema fjárhagur þeirra sé bágborinn. Með niðurfellingu heimildarinnar hefur aðgengi einstaklinga að dómstólum, mannréttindi þeirra, verið skert verulega, svo sem í málsókn eða málsvörn í málum þar sem ríki, sveitarfélög eða stórfyrirtæki eiga hlut að máli og aðstöðumunur aðila afar mikill. Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórnina og Alþingi að leiða þessa mikilsverðu heimild í lög á nýjan leik.“

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar félagsins var svo samþykkt að senda forsætisráðherra og forseta Alþingis bréf þar sem áskorun félagsins var komið á framfæri.

Samráðsfundur með Dómarafélagi Íslands.

Samráðsfundur félagsins með fulltrúum Dómarafélags Íslands fór fram 3. maí s.l., þar sem m.a. var rætt um undirbúnings málþings félaganna á Þingvöllum 9. júní n.k., viðbrögð við skýrslu dómsmálaráðuneytisins um málskostnað í opinberum málum og opinbera réttarástoð, frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um dómstóla og lögum um meðferð einkamála, varðandi aðgengi fjölmiðla og störf dómarafulltrúa. Einnig var á fundinum ræddur möguleiki á útgáfu leiðbeininga fyrir dómkvadda matsmenn.

Samráðsfundur með dómsmálaráðuneytinu.

Samráðsfundur félagsins með fulltrúum dómsmálaráðuneytis fór fram 16. maí s.l., þar sem m.a. var farið yfir niðurstöðu skýrslu ráðuneytisins um málskostnað í opinberum málum og

opinbera réttaraðstoð og upplýst um skipan sérstakrar nefndar félagsins til að fara ofan í saumana á henni. Einnig var rætt um mögulega aðkomu ráðuneytisins að fjármögnun útgáfu leiðbeininga fyrir dómkvadda matsmenn, hugsanlegar breytingar á reglugerð um öflun réttinda til að vera héraðsdómslögmaður og um undirbúning gildistöku laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Skýrsla nefndar um málskostnað í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð.

Í mars s.l. kom út skýrsla nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði árið 2005 til að skoða sakarkostnað í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð, m.a. í ljósi aukinna útgjalda hins opinbera af þessum málum. Í skýrslunni er m.a. að finna fjölmargar tillögur um hvernig hægt er að draga úr þessum kostnaði en ljóst er að í þeim tillögum hefur ekki verið horft til ýmissa grundvallar atriða sem lúta að réttaröryggi borgaranna. Í ljósi þessa ákvað stjórn Lögmannafélags Íslands að skipa sérstaka nefnd sem ætlað er að fara ofan í efni skýrslunnar og koma með athugasemdir og tillögur um úrbætur. Nefndina skipa þau Brynjar Níelsson, hrl., Sigríður Rut Júlíusdóttur, hdl. og Sveinn Andri Sveinsson, hrl. Hægt er að nálgast skýrslu nefndarinnar á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins.

Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnum hryðjuverka.

Formaður og framkvæmdastjóri félagsins funduðu með fulltrúum FATF nefndarinnar (Financial Action Task Force on Money Laundering) sem stödd var hér á landi í byrjun maí, í tengslum við undirbúning nýrra laga



Helgi Jóhannesson formaður í ræðustól á aðalfundi LMFÍ.

um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnum hryðjuverka sem nú liggja fyrir Alþingi. Lögin, sem væntanlega taki gildi nú í sumar eða haust,

fela í sér auknar skyldur á lögmenn og aðrar sérfræðingastéttir varðandi tilkynningar til yfirvalda á hugsanlegu peningabætti. Hefur Lögmannafélagið þegar hafið undirbúning að gerð leiðbeinandi reglna fyrir lögmenn sem væntanlega verða kynntar félagsmönnum í haust.

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna.

Ráðgert er að forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna fari fram í Osló dagana 19. – 21. október n.k. Fyrir liggur tillaga um að eftirtalin þrjú málefni verði viðfangsefni fundarins. Í fyrsta lagi regluverk í kringum eftirlits- og agavald lögmannafélaganna. Í öðru lagi rafræn þjónusta, bæði hvað varðar þjónustu lögmannafélaga við lögmenn og við almenning og svo þjónustu lögmanna við skjólstaðinga sína. Í þriðja lagi samskipti stærri lögmansstofa og lögmannafélaganna.

RENATA ERLENDSSON
löggiltur dómtúlkur
og skjalapýðandi
ÞÝSKA - ENSKA - RÚSSNESKA
VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ
ÁRATUGA REYNSLA
RENATA EHF
Þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
Símar: 557 2830 h. – 562 2562 v.
GSM: 898 0904
Fax: 562 2517
E-mail: renata@tv.is

Lögmennska og fjölskyldulíf

Lögmannsstarf og fjölskyldulíf þarf ekki að fara illa saman. Langir vinnudagar og ójafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs er þó talin helsta ástæða þess að ungir lögmenn í Danmörku og Svíþjóð sækja í önnur störf. Lögmannsstofurnar þar virðast vera með ósveigjanlegt skipulag sem gefi fjölskyldufólki, og öðrum sem vilja annað vinnufyrirkomulag, fáa valkosti. Svipaðar raddir heyrast frá Bandaríkjunum, eins og fram kemur í ritstjórnarpistli blaðsins.

Til að fræðast um stöðu mála á Íslandi ræddi Lögmannaþingið við þrenn þör um hvernig þeim tekst að samræma fjölskyldulíf og starfsferil en þau eru öll lögmenn, ýmist sjálfstætt starfandi, fulltrúar á stofu eða í vinnu hjá ríkinu.

Viðtöl: Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir og Eyrún Ingadóttir.

Auðveldara að vera fræg poppstjarna

Lögmennirnir Kristín Edwald og Einar Karl Hallvarðsson eiga tvö börn, Snædísí fimm ára og Helga tveggja ára. Kristín er einn af eigendum LEX, sem er önnur stærsta lögmannstofa landsins, en Einar Karl starfar hjá ríkislögmanni. Við spurðum hvort það sé erfitt fyrir hjón að vera í lögmennsku og leggja jafnframt áherslu á fjölskyldulíf?

Einar Karl: Já, já, ég held að það sé erfitt að vera bæði í lögmennsku en það er ekki þar með sagt að það sé ómögulegt. Bara gaman.

Kristín: Það koma tímar sem geta verið flóknir. Um daginn hittist svo á að við vorum bæði í Hæstarétti sama dag og í málflutningi í héraðsdómi daginn áður. Þegar svo stendur á má svo sem ekkert út af bregða ef dæmið á að ganga upp.

Einar Karl: Ég myndi lýsa því þannig

að þegar við erum bæði í málflutningi á sama tíma þá er annað hvort dagmamman veik eða börnin. Það er alveg einboðið. Það er frekar snúið á meðan á því stendur en eftir á að hyggja er það mjög þroskandi og brýnir fyrir manni forgangsröðunina.

Er þetta öðruvísi hjá vinum og kunningjum sem eru í annars konar störfum?

Kristín: Nei ég held að allir séu í sama pakkanum.

Takið þið jafna ábyrgð á heimili og barnauppleði?

Kristín: Einar Karl tekur að minnsta kosti ekki minni ábyrgð en ég. Ég er að vísu duglegri við að þrjóna á krakkana.

Einar Karl: Ég held að það væri miklu auðveldara ef frú Kristín væri áfram hæstaréttarlögmaður og ég yrði til dæmis fræg poppstjarna! Það er hlutskipti sem ég sé algjörlega fyrir mér í hyllingum. Frægar poppstjörnur eru mikið heima fyrir.

Kristín: Þú verður bara að fara að vinna í því.

Einar Karl: Ég keypti mér einmitt nýjan gítar um daginn. Ég er ekki að lasta núverandi ástand en mjög oft sé ég þetta fyrir mér í hyllingum.

Kristín: Seinast þegar ég vissi ætlaði hann vera heima og yrkja, nú ætlar



Einar Karl Hallvarðsson og Kristín Edwald ásamt börnum sínum, Helga og Snæðísi.

hann að vera poppstjarna, hvað gerðist?

Einar Karl: Ég hef mín plön!

Eruð þið með sveigjanlegan vinnutíma?

Kristín: Já minn vinnutími er nokkuð sveigjanlegur en ég þarf náttúrulega að vera til staðar fyrir kunnann. Ég er með það góða tölvutengingu við vinnuna að ég get alveg eins setið við skrifborðið heima hjá mér eins og í vinnunni og það geri ég ef ég nauðsynlega þarf. Ég tek auðvitað vinnuna meira með mér heim fyrir vikið.

Einar Karl: Ef ég er ekki að fara í málflutning þá get ég haft þann sveigjanleika sem ég vil. Starf okkar Kristínar er ólíkt að mörgu leyti. Ég sé miklu meira fyrir hvernig verkefnið raðast og hve mikið er að gera hjá mér á hverjum tíma. Það er meiri erill og meira um upptökur hjá henni.

Er munur á því svigrúmi og skilningi sem fulltrúar og eigendur lögmannsstofa hafa varðandi t.d. veikindi barna?

Kristín: Ég held að þegar ég var fulltrúi þá hafi ég sjálf gert meiri kröfur til mín. Maður hafði meiri þörf fyrir að sanna sig. Ég finn ekki annað en að hjá okkur á LEX sé sami skilningur á veikindum barna og þess háttar hvort sem viðkomandi er fulltrúi eða eigandi.

Einar Karl: Ég held að í byrjun þá þurfi maður í öllum störfum að fá einhvers konar eldskírn og læra til verka. Það tímabil er kannski ekki sérstaklega fjölskylduvænt. En ef maður er í krefjandi starfi þá á maður auðvitað að temja sér ákveðið kæruleysi í bland og muna líka að taka fjölskylduna, vinina og áhugamálin fram yfir.

Hvað með dómstólana, er skilningur þar?

Einar Karl: Já, og mér finnst lögmennt alltaf standa hver með öðrum þegar svona stendur á. Eitt sinn varð dóttir okkar veik og ég átti að mæta í málflutning. Ég náði ekki í dómarrann svo ég hringdi í lögmann gagnaðila og sagði honum eins og var. Hann sagði

það ekki vera neitt mál og gekk sjálfur í það verk að ganga frá mínum föllum fyrir dómi.

Kristín: Auðvitað er það síðasta úrræðið að fresta aðalmeðferð en það kemur fyrir að þess þurfi. Ég lenti í þessu í haust þegar Helgi fékk hlaupabóluna. Mamma, sem reddar okkur alltaf, var handleggsbrotin og enginn annar sem gat passað þennan dag. Ég hringdi í dómarrann sem spurði hvort ég tæki strákinn ekki bara með mér! Í það skipti var fullur skilningur hjá dómarrannum á þeirri klemmu sem ég var í. Ég held að það sé almennt góður skilningur hjá dómstólunum. Eftir á að hyggja hefði ég kannski átt að taka strákinn með mér í þessa aðalmeðferð það hefði verið gaman að sjá endurritið af skýrslutökunum með frammíköllum sonar míns!

Einar Karl: Þegar svona aðstaða kemur upp og engin lausn önnur en að vera heima hjá barninu þá er það stundum svolítið gott á mann. Snúíð meðan á því stendur en feiknarlega gott á mann!

Ekki erfiðara en hjá fólki í öðrum störfum

Ástríður Gísladóttir er fulltrúi hjá Lögmonnum Höfðabakka og Steinar Þór Guðgeirsson er einn af eigendum og faglegur framkvæmdastjóri Lögfræðistofu Reykjavíkur. Þau eiga þrjú börn, Andreu Dís sjö ára, Þorstein Mikael sex ára og Hjördísi Stellu sem er sjö vikna. Ástríður er nú í fæðingarorlofi.

Við byrjuðum á að ræða hvernig það gengi að samræma fjölskyldulíf og starf.

Steinar: Það gengur sérstaklega vel þessa dagana.

Ástríður: Það hefur færst ró yfir heimilið sem að maður hafði ekki séð í nokkur ár. En fyrir fríð var þetta talsvert þúsl og auðvitað skipulagning út í eitt.

Hafið þið tekið jafna ábyrgð á börnum og heimili?

Steinar: Ég veit ekki hvort Ásta er sammála því en ég er alveg á því að svo hafi verið. Við höfum alltaf reynt að skipta veikindadögum. Ég hef farið með börnin og hún hefur sótt þau. Á móti er ég uppteknari seinni hluta dagsins í vinnunni því ég þarf ekki að hlaupa frá.

Ástríður: Það er ekki spurning. Sú meginregla hefur að vísu skapast að ég sækji börnin síðdegis og allar undantekningar á því þarf að undirbúa og sækja um með fyrirvara. Að vísu hefur Steinari stundum fundist fyrirvarinn heldur skammur en þetta hefur nú alltaf bjargast. Síðan er það partur af skipulagningunni að hafa hlutina sem aðgengilegasta, t.d. að hafa ömmu og afa í nágrenninu auk þess sem skóli, leikskóli, tómsundaiðkun og vinir séu í göngufæri fyrir börnin. Það er hægt að auðvelda sér lífið með ýmsum hætti.

Haldið þið að það sé erfiðara að samræma lögmannsku og fjölskyldulíf heldur en í öðrum störfum?

Steinar: Svarið er bæði nei og já. Að hluta til er þetta mikið áreiti öllum stundum þannig að þegar maður er heima þá er maður í vinnunni líka. Að

mennsku og það getur eins verið lögmaðurinn sem sér um að reka heimilið því það liggur betur við vegna starfa makans.

Steinar: Ég sé ekki að það sé eitthvað erfiðara hjá okkur heldur en þeim sem eru í öðrum störfum. Það eru allir í þessum sama pakka.



Steinar Þór Guðgeirsson og Ástríður Gísladóttir ásamt börnum sínum, Þorsteini Mikael, Andreu Dís og Hjördísi Stellu.

því leyti er þetta slæmt. Það þarf að svara símtölum og tölvupóstum á kvöldin en að sumu leyti er þetta líka þægilegra því þegar maður er sjálfstætt starfandi þá getur maður ráðstafað tíma sínum að vild.

Ástríður: Já starfið býður upp á nokkurt svigrúm til að laga það að börnum og heimili. Erfiðleikarnir fara nokkuð eftir hverjum og einum held ég.

Finnið þið fyrir því að þetta sé eitthvað öðruvísi hjá vinnum og kunningjum sem eru með lítil börn en í öðrum störfum?

Ástríður: Það er náttúrulega mjög misjafnt. Margir vina okkar eru í lög-

Finnst ykkur að lögmannsstarfið komi niður á þeim títla sem þið ætlið fyrir fjölskylduna?

Steinar: Það er einmitt einn af ókostunum. Þegar að maður er kominn heim og á að vera sinna fjölskyldunni þá er oft mikið áreiti. Maður stimplar sig aldrei alveg út úr vinnunni. Maður er kannski búinn að skipuleggja „Quality time“ með fjölskyldunni en verður þá að hlaupa frá.

Ástríður: En svo er maður líka oft að burðast með vinnuna öllum stundum, nær ekki að skilja málin eftir á stofunni, er svona andlega fjarverandi frá heimilinu. Kannski kemur þetta með reynslunni. Ég hef oft öfundað þá sem

fara úr vinnunni um leið og þeir fara úr „júniforminu“.

Er það ennþá svo að lögmenn þurfa að vera til staðar fyrir viðskiptavininn allan sólarbringinn?

Steinar: Ég held að menn stjórn þessu nú dálítið sjálfir. Ef maður ætlar að vera virkur í lögmennsku og sinna kúnnum sínum vel þá held ég maður verði að vera opinn fyrir því að vinna á öllum tímum. Svo eru Íslendingar líka alltaf að gera allt á síðustu stundu og það hefur ekkert breyst. Þá verður bara að hlaupa til.

Ástríður: Þetta gildir alveg jafnt um fulltrúa eða eigendur lögmennsstofa, eða hvort um karl eða konu er að ræða. En ég er alveg sammála Steinari að maður stjórnar að nokkru aðgenginu. Oft mega hlutirnir líka bíða til morguns.

Er ekki ákveðinn skilningur þegar báðir aðilar sinna sama starfinu?

Ástríður: Auðvitað er skilningur og umburðarlyndi gagnvart vinnuumhverfinu. Svo má ekki gleyma tímasparnaðinum sem felst í því að geta rætt og rifist um hin ýmsu álitaefni heima. Það þætti ábyggilega flestum koddahjal okkar hjóna ömurlegt en þar hefur margur lögfræðilegur snilldarsnúningur fæðst.

Er mismunandi viðhorf á vinnu- staðnum eftir því hvort þið eruð fulltrúar eða eigendur til dæmis?

Ástríður: Ég held að það hljóti að vera munur en ekki þannig að annað sé betra en hitt. Það fer eftir viðkomandi, þér og öllum hinum. Ef þú ert launþegi áttu þinn rétt, að vera heima hjá veikum börnum og slíkt, og ekkert meir en það. Ef þú ert sjálfstætt starfandi geturðu lagt niður störf hvenær sem er, þú berð bara minna úr bítum, en það kemur það engum við hvað þú ert að gera.

Steinar: Ég held að þetta hljóti að vera dálítið háð vinnuveitendunum og vinnumóralnum á hverjum stað.

Skilningur á því að menn vinna á daginn.

Hjördís E. Harðardóttir og Arnór Halldórsson eru bæði sjálfstætt starfandi lögmenn á eigin lögmennsstofum. Þau eiga þrjú börn, Árna sjö ára og tvíburana Helgu og Hjörleif sem eru fimm ára. Þau eru sammála um að lögmennskan passi vel við fjölskyldulífið og þau hafi meira svigrúm og frjálsræði sem einyrkjar. Við spurðum út í lengd vinnuvikunnar hjá þeim.



Arnór Halldórsson og Hjördís E. Harðardóttir ásamt börnum sínum, Árna, Hjörleifi og Helgu.

Arnór: Hún er eitthvað meira en 40 klukkustundir hjá mér.

Hjördís: Ég er ekki viss um hve löng vinnuvikan mín er, veit það bara ekki. Þetta blandast svo saman. Maður er oft heima á kvöldin að vinna og við ræðum mikið saman um málin sem við erum með.

Sinnið þið svipuðum málum á lögmennsstofum ykkar?

Arnór: Það er að einhverju leyti svipað og að einhverju leyti ólíkt. Við erum bæði dálítið mikið í skiptamálum. Það eru kannski meiri innheimtur hjá mér og ég vinn meira fyrir fyrirtæki. Það

má lýsa þessu þannig að ég hverf stundum inn í verkefni tímabundið.

Hjördís: Ég starfa meira fyrir einstaklinga og er meira í slysamálum en í þeim er jafnari afgreiðsla.

Takið þið jafna ábyrgð á heimili og barnauppeldi?

Arnór: Ekki alveg, ég sýni kannski ekki jafn mikla ábyrgð.

Hjördís: Við höfum oftast reynt að skipta veikindadögum á milli okkar og svo fer þetta eftir því hvað er mikið að gera. Ef annað er að fara í málflutning eða slíkt þá hliðrum við til. Ég tek

kannski aðeins oftár og meira á mig ábyrgðina svona seinni partinn.

Arnór: Ég vil nú meina að börnin geti skilað sér sjálf heim!

Hjördís: Þetta er kannski spurning um hvernig maður vill forgangsraða. Ég vil fara heim klukkan fjögur og vera með börnunum, tek þá frekar með mér verkefni og vinn heima á kvöldin. Svo reyni ég svona einu sinni í viku að vinna lengur framefir.

Þurfa lögmenn að vera tilbúnir fyrir umbjóðendur sína allan sólarhringinn?

Hjördís: Það er misjafnt eftir því hvernig viðskiptavinirnir eru. Ef lögmenn eru að vinna fyrir fyrirtæki þá er gerð meiri krafa um að vera til taks, alltaf á vaktinni. Ég held reyndar að maður geti stýrt þessu sjálfur. Þetta er svolítið spurning um hversu mikinn aðgang þú veitir að þér. Sumum finnst voðalega töff að vera alltaf „bissý“.

Arnór: Maður þarf kannski að vera til taks en það þarf ekki alltaf að fara að

vinna strax. Það verður að vera hægt að ná í mann en svo hafa eiginlega allir skilning á því að menn vinna á daginn. Það er ekki þar með sagt að þótt maður sé alltaf til taks sé alltaf verið að vinna. Maður er kannski að taka niður verkefni og í samráði.

Hafið þið þurft að fresta málflutningi fyrir dómstólum vegna veikinda barna?

Arnór: Nei, við höfum alltaf getað bakkað hvort annað upp en það hefur ekki verið mikið um veikindi undanfarið.

Hjördís: Það var meira um veikindi þegar krakkarnir voru yngri og þá vorum við með Au pair stelpur. Þær voru þá heima nánast í hverri viku með veik börn.

Finna börnin fyrir því þegar það er mikið álag á ykkur í starfi?

Arnór: Nei, ekki þannig. Þau kunna reyndar textann hjá Baggalúti: „Pabbi þarf að vinna í nótt/þarf að hitta

mennina og fara með þeim niður í bæ/pabbi þarf að vinna í nótt.“ Þau syngja þetta hástöfum.

Hjördís: Ég held þau geri sér ekki mikla grein fyrir hvað við erum að fást við.

Hvað með þann tíma sem þið eruð með börnunum, bitnar starfið á honum?

Hjördís: Við vinnum nánast aldrei um helgar því þá erum við með börnunum. Það er meginprinsipp. Við vorum búin með þann pakka að vinna öll kvöld og allar helgar áður en við áttum börnin og vissum að það var ekki það sem við vildum gera. Við höfum kannski ekki beint rætt þetta heldur hefur fjölskyldulífið bara þróast þannig og rúllar vel. Þetta krefst ekki mikilla vangaveltna eða samningaumleitana.

Arnór: Það er skilningur á því hvað hinn aðilinn er að gera, þá bakkar maður með sitt á meðan.



SKRÁÐU ÞIG Í VÖXT

Þú getur sparað þér tugi þúsunda á ári

Þeir sem eru í Vexti fá afslátt af bankapjónustu, tryggingum og bílalanum og geta þar með sparað tugi þúsunda á ári. Auk þess ganga þeir að öllum upplýsingum um fjármál á einum stað. Kynntu þér Vöxt hjá KB banka og VÍS.

www.voxtur.is

FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR  

VÖ XT UR
– þú færð meira

Meistara- deild LMFÍ í innanhús- knattspyrnu 2006

Knattspyrnumenn innan Lögmannafélags Íslands öttu kappi í sínu árlega innanhúsmóti í knattspyrnu föstudaginn 10. mars 2006. Mótið fór að venju fram í íþróttahúsi Fram við Safamýri.

Mótið var nú í fyrsta skipti tengt árs hátíð LMFÍ sem haldin var með glæsibrag daginn eftir. Var það von árhátíðarnefndar að knattspyrnumenn félagsins myndu flykkjast á árhátíðina þar sem ætlunin var að afhenda verðlaunin þá.

Ekki létu þó margir knattspyrnumenn sjá sig á árhátíðinni en liðsmenn Lögfræðistofu Reykjavíkur (LR) voru þeir einu sem stigu þar á verðlaunapall. Þeir urðu þess heiðurs aðnjótandi að taka á móti verðlaunum sínum úr hendi stjórnulögmannsins Marðar sem að sjálfsögðu er gamall fótboltamaður úr KR frá því í „den“. Það urðu einnig fagnaðarfundir með Merði og Ellerti B. Schram sem var heiðursgestur árhátíðarinnar, enda þekkjast þeir út boltanum.

Lögmenn létu sig þó ekki vanta á knattspyrnumótið og mættu alls níu lið til leiks. Var leikið í 2 riðlum og komust tvö efstu liðin úr hvorum riðli í sérstakan úrslitariðil.

Keppni í A riðli var sérlega spennandi og ekki ljóst fyrr en í síðasta leik hvaða tvö lið kæmst áfram. Lokastaðan í A riðli varð þessi:

Lex	2 2 0	8:5	8
LR	2 1 1	8:5	7
Þruman	2 1 1	9:9	7
LOGOS	2 0 2	6:7	6
Pundið	0 0 4	1:6	0

Í B riðli voru línur mun skýrari og komust lið Reynslu og Léttleika og Líndal auðveldlega í úrslit. Lokastaðan í B riðli varð þessi:

RogL	3 0 0	11:2	9
Líndal	2 0 1	5:3	6
Fulltingi	0 1 2	1:6	1
HAHSH	0 1 2	2:8	1

Eins og áður sagði komust tvö efstu liðin úr hvorum riðli áfram í úrslitariðil og fylgdu þeim þangað úrslit leikja úr fyrri riðlinum. Úrslit leikja í úrslitariðli, að meðtöldum leikjum í riðli, voru eftirfarandi:

Lex	- LR	1-1
RogL	- Líndal	3-1



Lex	- Líndal	0-2
RogL	- LR	2-2
Lex-	- RogL	1-5
Líndal	- LR	2-1

Lokastaðan varð því eftirfarandi:

1. sæti RogL	2 1 0	10:4	7
2. sæti Líndal	2 0 1	5:4	6
3. sæti LR	0 2 1	4:5	2
4. sæti Lex	0 1 2	2:8	1

Enn á ný sigraði lið Reynslu og Léttleika en leikirnir í úrslitariðlinum voru fjörugir og spennandi og voru dómara ekki öfundsverðir af hlutverki sínu. Liðið Líndal var sterkt en leikurinn við RogL í A riðli varð þeim að falli.

Lið LR var að stofni til skipað leikmönnum hins viðfræga Grínarafélags sem í fyrsta skipti sendi ekki lið, í eigin nafni, í keppnina.

Þá setti lið Lex skemmtilegan svip á mótið, miklir baráttujaxlar þó ungrir séu og á það lið örugglega eftir að setja mark sitt á knattspyrnumót félagsins í framtíðinni, enda, eins og áður sagði, eru þetta jákvæðir og baráttuglaðir menn sem eru ungrir að árum ... ennþá.

Nefndin.

Breytingar á hlutafélagalögum og bann 104. gr. hlutafélagalaga við lánveitingum til hluthafa og stjórnarmanna.

Félag lögfræðinga fjármálafyrirtækja efndi til hádegisverðarfundar þann 24. mars sl. í Iðnó þar sem umfjöllunar efnið var kynning á fyrirhuguðum breytingum á hlutafélagalögum og ákvæði 104 gr. hlutafélagalaga sem bannar lánveitingar til hluthafa og stjórnenda hlutafélaga.

Framsögumenn voru Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og Áslaug Björgvinsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Fundarstjóri var Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar Landsbanka Íslands hf.

Nokkrar athugasemdir um félagarétt

Jón Ögmundur rakti helstu atriði þeirra frumvarpa sem voru fyrir Alþingi um breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Má þar nefna ákvæði um rafræna hluthafa- og stjórnarfundi, heimild til rafrænna samskipta við hluthafa, lengingu frests til boðunar hluthafafunda, skyldu frambjóðenda til að skila inn tilkynningu um framboð, skyldu skráðra félaga til að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði bréflaga eða rafrænt og ákvæði um starfskjarastefnu fyrir stjórnendur. Urðu nokkrar umræður um samþykki hluthafafundar á starfskjarastefnu stjórnar, t.d. um skilgreiningu á því hver eða hverjir falli undir hugtakið „stjórnendur“ í frumvörpunum, og hvort hluthafafundur ætti að ákveða kjör stjórnenda eða stjórn félags. Þá kom fram í máli Jóns að í



Jón Ögmundur Þormóðsson

upphaflegum frumvarpsákvæðum um breytingar á lögum um hlutafélög hefði verið lagt til að stjórnarformanni yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félag en í kjölfar umsagna um frumvarpið hefði það ákvæði verið fellt út. Þá rakti Jón einnig helstu ákvæði frumvarps um opinber hlutafélög en á liðnum vetri komu fram tvö frumvörp um slík félög. Að lokum nefndi Jón athyglisvert frumvarp um breytingu á lögum um hlutafélög. Þar



Áslaug Björgvinsdóttir

er gert ráð fyrir ítarlegri ákvæðum um samlagshlutafélög en nú eru í hlutafélagalögum. Aðalreglan er óbreytt, að fara skuli eftir lögum um hlutafélög eftir því sem við á. Þeim samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingarstarfsemi er þó, í því skyni að örva nýsköpun, veitt frelsi til að víkja frá mikilvægum ákvæðum laganna m.a. um hluthafafundi og stjórn og sterka stöðu ábyrgðaraðila í því sambandi. Jafnframt yrði nauðsynlegum skattalagaákvæðum breytt með sérstöku tilliti til hagsmuna lífeyrissjóða sem kynnu að verða hluthafar í viðkomandi fjárfestingarfélögum. Hann benti auk þess á að fjármálaráðuneytið myndi á grundvelli EES-tilskipunar leggja fram frumvarp næsta haust er gerði ráð fyrir rafrænni hlutafélagaskrá.

Hvernig á eiginlega að skilja 104 gr. hfl.?

Það eru til „þægilegri“ lagagreinar en 104 gr. laga um hlutafélög og pistlahöfundi leiddist því ekkert að hlýða á erindi Áslaugar Björgvinsdóttur þar sem hún leitast við að túlka þessa „frægu“ grein hlutafélagalaganna í stuttu máli. Fyrst rakti hún sjónarmiðin að baki banni við „hluthafalánnum“ og sögulegan bakgrunn lagagreinarinnar. Fyrirmynd íslenska ákvæðisins er ákvæði dönsku hlutafélagalaganna um bann við lánnum til hluthafa og stjórnenda sem er nokkuð strangara en reglur um sama efni á hinum Norðurlöndunum. Að sumu leyti hafi breytingarnar sem gerðar voru árið 1994 á eldri lögum, þ.e. 112. gr. l. 32/1978, þó grundvallast á 23. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Áslaug rakti ákvæði greinarinnar lið



Á milli 50 og 60 manns mættu á fundinn og var húsfyllir, enda hafði efni fundarins verið "fjölmíðlamatur" skömmu fyrir fundinn.

fyrir lið, um hverjum má ekki lána og hverjir falli undir þau hugtök sem lýst er í 1. mgr. 104. gr., t.d. hvort varanmenn í stjórn falli undir ákvæðið, hvort taka beri tillit til stærðar hlutar og hvort lögaðilar gætu fallið undir skilgreininguna þeir sem standa „hlutadeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri“. Þá fjallaði Áslaug um hugtakið „lán“ og velti upp sjónarmiðum um hvað félli þar undir og hvernig ætti að afmarka ólögleg lán og heimil við-

skiptalán. Benti Áslaug á að bann við láni til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu leiddi af 23. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar og rakti einnig sjónarmið um hvaða undantekningar yrðu gerðar á slíku banni. Að lokum rakti Áslaug hvaða afleiðingar brot á ákvæðum 104. gr. hefðu í för með sér. Einkaréttarlegar afleiðingar eru þær að lán er ógilt og trygging einnig nema viðsemjandi sé grandlaus. Þá velti Áslaug upp sjónarmiðum um

ábyrgð þeirra sem gerðu, eða framkvæmdu, óheimilar ráðstafanir og hvort um skaðabótaábyrgð væri að ræða eða hlutlæga. Um refsíábyrgð benti Áslaug á 2. mgr. 153. gr. hlutafélagalaga og nefndi sjónarmið um hverjir beri refsíábyrgðina. Hún velti að lokum upp spurningunni hver beri refsíábyrgðina og komst að þeirri niðurstöðu að það gæti traudla verið félagið sjálft.

Sölvi Sölvason



METNAÐARFULLT OG NÚTÍMALEGT LAGANÁM

NÝJAR ÁHERSLUR - MARKVISST NÁM - MEIRI MÖGULEIKAR

- 3ja ára grunnám til BA gráðu (90 ein.)
- 2ja ára framhaldsnám til meistaraáráðu (60 ein.)

Fullnaðarpróf í lögfræði



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

Breytingar á félagatali

Ný málflytningarréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Heimir Örn Herbertsson hrl.

Lex ehf
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Anton Björn Markússon hrl.

Fulltingi ehf
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 553-2050
Fax: 553-2060

Marteinn Másson hrl.

Lögmannsstofa Marteins Mássonar ehf
Lágmúla 7, 6.hæð
108 Reykjavík
Sími: 381-1133
Fax: 381-1175

Eyvindur G. Gunnarsson hrl.

JP Lögmennt
Lágmúla 5
108 Reykjavík
Sími: 588-5200
Fax: 588-5210

Nýr vinnustaður:

Einar Jónsson hdl.

Fjármálaeftirlitið
Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík
Sími: 525-2700
Fax: 525 2727

Hulda Rós Rúriksdóttir hdl.

Lögmannsstofan Skeifunni
Skeifunni 11a

108 Reykjavík
Sími: 568-8640
Fax: 568-9585

Reimar Snæfells Pétursson hrl.

Atorka Group hf.
Laugavegi 182
105 Reykjavík
Sími: 540-6200
Fax: 540-6220

Helga Hlín Hákonardóttir hdl.

Straumur-Burðarás
Fjárfestingabanki
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 580-9100
Fax: 580-9101

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Sparisjóðsbanki Íslands hf.
Rauðarárstíg 27
105 Reykjavík
Sími: 540-4000
Fax: 540-4001

Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.

Lögheimtan ehf.
Laugavegi 99
101 Reykjavík
Sími: 575-0700
Fax: 575-0701

Ragnar Þórður Jónasson hdl.

Lögmannsstofa Ragnars Þ.
Jónassonar ehf.
Laugavegi 182, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 534-2600
Fax: 555-6045

Jóhann Tómas Sigurðsson hdl.

MP Fjárfestingabanki hf.
Skiptiholti 50d, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 540-3233
Fax: 540 3201

Óttar Pálsson hrl.

Glitnir hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
Sími: 440-4500
Fax: 440-4520

Vífill Harðarson hdl.

Glitnir hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
Sími: 440-4593
Fax: 844-4595

Garðar Valdimarsson hrl.

Skattar og ráðgjöf ehf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 581-1140
Fax: 581-1175

Nýtt aðsetur:

Lögmannsstofa Magnúsar Erlingssonar

Magnús Ingi Erlingsson hdl.
Grandagarði 3
101 Reykjavík
Sími: 552 8901
Fax: 552 8902

Lögmannsstofa Ingimars Ingimarssonar hdl.

Ingimar Ingimarsson hdl.
Hátúni 6a
105 Reykjavík
Sími: 553-1910
Fax: 442-1960

Lögheimtan ehf.

Jón Haukur Hauksson hdl.
Kirkjubraut 12
300 Akranes
Sími: 440-7300
Fax: 575-0701



Helgi Jóhannesson hrl.

Lögmennska er að mörgu leyti sérstök atvinna. Lögmenn standa oft við hlið skjólstæðinga sinna á mikilvægustu stundum lífs þeirra, t.a.m. þegar verið er að rétta yfir þeim vegna meintra sakargifta af hálfu ákærvalds, við skilnað, við skipti á dánarbrúum aðstandenda, við kaup eða sölu á fyrirtækjum o.fl. o.fl. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að góður lögmaður þurfi að vera í senn sálfræðingur og mannþekkjari auk þess að kunna skil á lögnum. Lögmaður sem ekki getur sett sig í spor skjólstæðinga sinna, skilið andlega líðan þeirra og áhyggjur verður aldrei góður lögmaður, sama hversu vel hann er að sér í þeim lögum sem um ræðir í viðkomandi máli.

Þessi auka vídd í starfi lögmansins gerir það að verkum að enn mikilvægara er fyrir lögmenn að gæta þess að taka mál skjólstæðinga sinna ekki inn á sig. Augljóst er að lögmaður sem hefur ekki þann hæfileika getur hæglega eyðilagt líf sitt með áhyggjum af málum og lífi skjólstæðinga sinna og

orðið algerlega ónothæfur sem fagmaður af þeim sökum.

Fólk sem álitur það manndómsmerki að hafa ekki tekið sér frí svo árum skiptir vegna þess að það er svo mikið að gera, eða fólk sem álitur að vinnan fari á hliðina ef það leyfir sér að líta upp og sinna áhugamálum sínum, er örugglega mun verr í stakk búið að takast á við krefjandi verkefni en þeir sem gæta þess að skipta tíma sínum milli vinnu, hvíldar, hreyfingar og áhugamála. Þetta er sérstaklega mikilvægt hjá sérfræðingum sem selja út þjónustu á sviði sem varðað getur fjárhag skjólstæðinganna og framtíð svo sem er um lögmansþjónustuna. Ég vænti þess að flestir passi upp á þetta, en þó er mikilvægt að hafa þetta í huga, sérstaklega núna þegar dagurinn er bjartastur hér á landi og skemmtilegt að gera eitthvað annað en horfa á sumarið út um skrifstofugluggann.

Gleðilegt sumar.



Viðtal við Kristján Andra Stefánsson:

Kvartanir og ábendingar afar mikilvægar fyrir ESA

Kristján Andri Stefánsson tók sæti í stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) hinn 1. nóvember sl. Í erindi sem hann flutti á ráðstefnu um stöðu EES-samningsins í Háskóla Íslands nýlega kom fram að fjöldi mála sem sprottin eru af utanaðkomandi ábendingu eða kvörtun fari vaxandi og verði stöðugt fyrirferðarmeiri í starfsemi stofnunarinnar. Langflestar kvartanir koma hins vegar frá Noregi eða um 90 af hundraði. Okkur lék forvitni á að vita hverju þetta sæti.



Kristján Andri Stefánsson.

Hvers vegna eru kvartanir frá Íslandi miklu færri en frá Noregi?

Það liggur beint við að benda á að mögulegir kvartendur eru auðvitað miklu fleiri í Noregi en á Íslandi og markaðurinn þar stærri. Á hinn bóginn sýnir tölfræðin okkur að vandamál við framkvæmd EES-samningsins eru ekki bundin við mannfjölda í aðildarríkjunum. Fjöldi samningsbrotamála gagnvart hverju þeirra um sig er svipaður. Á síðasta ári var 31 áminningarbréf (e. letter of formal notice) sent til Íslands og 26 til Noregs. Á sama tímabili bárust aftur á móti 36 kvartanir frá Noregi en ekki nema 2 frá Íslandi. Mestur fjöldi kvartana sem borist hefur frá Íslandi var á árinu 2003, þá bárust 6 kvartanir þaðan.

Eru nærtækar skýringar á fáum kvörtunum frá Íslandi?

Hluti skýringarinnar gæti legið í því

að EES-samningurinn og starfsemi ESA sé minna þekkt á Íslandi en í Noregi. Ég efast ekki um að menn viti almennt af tilvist samningsins en e.t.v. skortir nokkuð á að fyrir hendi sé kunnátta og færni í að beita samningnum og þekking á hvernig hann virkar í framkvæmd. Fyrir Hæstarétti hefur t.a.m. sjaldan reynt á túlkun EES-samningsins. Það rennir a.m.k. stöðum undir þessa ályktun og kann að benda til að rannsóknum og fræðslu á þessu sviði mætti gera betur skil. Annars er hætt við að íslensk fyrirtæki og þeir sem sinna viðskiptum á Íslandi nái ekki að nýta sér til fulls þá möguleika sem í samningnum eru fölgir.

Hversu mikilvægar eru kvartanir fyrir stofnunina?

Kvartanir og raunar hvers kyns ábendingar eru afar mikilvægar því þær veita okkur upplýsingar um hvernig samningurinn virkar í framkvæmd. Ég

myndi segja að kvartanir væru jafnvel enn mikilvægari fyrir okkur en framkvæmdastjórnina því hún hefur auk eftirlitshlutverksins ákveðnu pólitísku hlutverki að gegna. Það hefur Eftirlitsstofnunin aftur á móti ekki. Ekki nema að því marki sem hún mótar eigin eftirlitsstefnu. Við mótun hennar skiptir hins vegar máli að við fáum vísbendingar um hvar skórin kreppir hverju sinni. Mörg dæmi eru um að athygli stofnunarinnar hafi beinst að nýjum álitæfnum í kjölfar kvartana. Sem dæmi má nefna mál sem ESA sendi til EFTA-dómstólsins nýlega varðandi einkarétt á rekstri spilakassa í Noregi.

Hvers konar kvartanir berast til ESA? Á kvartandi rétt á að kvörtun hans sé tekin til meðferðar?

Kvartanir sem okkur berast eru margs konar. Allt frá nokkrum línunum í



Stjórn ESA eru (frá vinstri): Björn T. Grydeland, Kristján Andri Stefánsson og Kurt Jaeger

tölvupósti upp í vandaðar greinargerðir frá sérhæfðum lögmannstofum. EES-samningurinn varnar engum að kvarta til okkar en vitaskuld verður tilefnið að varða hugsanlegt sammingsbrot eða brot á skuldbindingum samkvæmt samningnum. Á hinn bóginn öðlast kvartandi ekki aðild að því máli sem kann að spretta af kvörtun hans nema það varði brot á samkeppnisreglum sammingsins. Þau mál snúa almennt að fyrirtækjum og meðferð þeirra lýtur sérreglum. Öll önnur mál sem stofnunin tekur til meðferðar eru hins vegar alltaf á milli hennar og viðkomandi EFTA-ríkis. Kvartandi á því ekki rétt á að kvörtun sé fylgt frekar eftir og ákvörðun um að gera það ekki er endanleg og verður

almennt ekki borin undir EFTA-dómstólinn, nema í undantekningartilvikum og þá einungis á sviði samkeppnismála eða ríkisaðstoðar. Ágætt dæmi um það er reyndar málshöfðun Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja fyrir EFTA-dómstólnum til ógildingar á ákvörðun stofnunarinnar um starfsemi Íbúðalánasjóðs. Þar voru hagsmunir bankanna sem keppinauta Íbúðalánasjóðs taldir skapa þeim skilyrði til að bera a.m.k. málsmeðferð stofnunarinnar undir dómstólinn. – Að þessu sögðu er vert að halda því til haga að í samræmi við vandaða stjórnisýsluhætti er kvartanda haldið upplýstum um framvindu máls og gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu þegar svo ber undir.

Hvernig er kvörtun borin fram við ESA og má hún vera á íslensku?

Kvartanir þurfa að vera skriflegar og hægt að setja þær fram á sérstöku eyðublaði, sem nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar: www.eftasurv.int. Það er heimilt að setja kvartanir fram á íslensku eða hverju öðru opinberu tungumáli EFTA-ríkjanna eða Evrópusambandsins. Þó ber að hafa í huga að vinnumál stofnunarinnar er enska. Allt sem þarf að þýða sérstaklega yfir á ensku er til þess fallið að teifa fyrir athugun máls og frekari meðferð þess.

Því heyrst stundum fleygt að Eftirlitsstofnun EFTA sé kaþólskari en páfínn. Seta EES/EFTA-ríkin strangara eftirliti en aðildarríki Evrópusambandsins?

Tölfræðilegar upplýsingar benda a.m.k. ekki til að staðhæfingar af þessu tagi eigi við rök að styðjast. Í niðurstöðum rannsóknar sem birtar voru í Noregi 2002 kom fram að þróun sammingsbrotamála ESA gagnvart Noregi var alveg sambærileg við þróun sams konar mála framkvæmdastjórnarinnar gagnvart Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Ástæða er til að ætla að svipað eigi við um Ísland. Mér er þó ekki kunnugt um að fram hafi farið nein sams konar rannsókn þar á réttmæti fullyrðinga af þessu tagi.



Á súluritinu sést fjöldi kvartana frá hverju aðildarríki árin 2001 til 2005

Umsagnir laganefndar LMFÍ

Frumvarp til laga um breytingu á einkamála-lögum nr. 19/1991 um gjafsókn (þskj. 82).

Með frumvarpinu var lagt til að veitt yrði heimild til veitingar gjafsóknar þegar úrlausn máls hefði verulega almenna þýðingu eða varðaði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Samþæring heimild var áður í lögum nr. 91/1991, en var felld út með lögum nr. 7/2005.

Það var álit laganefndar að heimild til veitingar gjafsóknar í slíkum tilvikum væri afar mikilsverð, einkum þegar efnahagur umsækjanda væri með þeim hætti að hann geti ekki kostað málsókn eða vörn fyrir dómstólum. Gæti verið um grundvallarhagsmuni einstaklinga að ræða sem vörðuðu stjórnarskrárvarin réttindi þeirra. Á það var jafnframt bent að við setningu laga nr. 7/2005 hefði hvorki verið gerð grein fyrir þeim kostnaði sem ríkissjóður hafi borið af samsvarandi gjafsóknarleyfum á grundvelli þágildandi b-liðar 1. mgr. 126. gr. eml., né að hve miklu leyti gjafsóknarkostnaður hafi innheimst í ríkissjóð.

Þá áréttaði laganefndin að í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu væri einstaklingum tryggður réttur til réttlátrar málsmedferðar fyrir dómi. Í því fælist réttur til opinberrar réttarstoðar í einkamálum, en við mat á því væri

litið til þess hvort gera megi þær kröfur til einstaklings að hann geti farið sjálfur með hagsmuni sína fyrir dómstóli, þannig að það varðaði hann ekki réttarspjöllum (mál Airey frá 9/10 1979 og Aerts frá 30/7 1998).

Því mælti laganefndin með samþykkt framangreinds frumvarps og vísaði jafnframt til samþykktar aðalfundar Lögmannafélags Íslands frá 10. mars 2006.

Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit (þskj. 810).

Með frumvarpinu voru lagðar til nokkrar breytingar á lagaákvæðum sem hafa að geyma reglur um eftirlit á fjármagnsmarkaði, einkum með það að markmiði að styrkja eftirlitsúræði Fjármálaeftirlitsins. Frumvarpið hafði meðal annars að geyma ákvæði um lögleiðingu reglna, sem gerðu einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga. Ekki skipti máli í því sambandi hvort upplýsingarnar vörðuðu þann sem beiðninni væri beint til eða þau skipti annarra við hann sem hann gæti veitt upplýsingar um. Tekið var fram að „lagaákvæði um þagnarskyldu [tak-

mörkuðu] ekki skyldu til að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.“

Laganefndin vísaði til þess að þagnarskylda lögmanns gagnvart skjólstæðingi sínum væri grundvallarregla í réttarríki. Fullvissa um trúnað þeirra á milli væri forsenda trausts í samskiptum þeirra. Vísaði nefndin til 70. gr. stjórnarskrárinnar, 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, 1. mgr. 22. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, 17. gr. siðareglna Lögmannafélags Íslands í þessu samhengi. Benti laganefndin á að ef frumvarpið yrði að lögum væri vegið alvarlega að trúnaðarskyldu lögmannna og réttindum einstaklinga í réttarríki.

Laganefndin lýsti efasemdum sínum um að unnt væri að þrengja meginregluna um þagnarskyldu lögmannna með almennum og opnum lagaákvæðum. Gera yrði kröfu um skýra og nánar skilgreinda lagaheimild sem afmörkuð væri við tilvik þar sem brýn nauðsyn réttlætti frávik frá þagnarskyldunni. Var það álit nefndarinnar, með vísan til þessa, að ákvæði lögmannalaga um þagnarskyldu lögmannna gengju framur ákvæðum frumvarpsins ef á reyndi. Loks var á það bent í umsögn nefndarinnar að ákvæði frumvarpsins ættu sér ekki hliðstæðu í öðrum lögum.

Laganefndin gerði því alvarlegar athugasemdir við grundvallaratriði frumvarpsins og lagðist gegn því að það yrði samþykkt óbreytt.

Þýðingar og textaráðgjöf
Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, frönsku, þýsku, rússnesku og norðurlandamálum.
Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómþúlkur og skjalþýðandi.
Laugavegi 163a, Reykjavík. s: 562 6588, gsm: 897 2717, netfang: ellening@simnet.is

Ný heimasíða dómstólanna

Ný heimasíða héraðsdómstólanna, www.domstolar.is, var kynnt í mars síðastliðnum. Þar er að finna ýmsan fróðleik, fréttir og leitarvél fyrir dóma auk upplýsinga um alla héraðsdómstóla landsins. Á heimasíðum þeirra má finna dagskrár þeirra og dóma, lista yfir starfsmenn og fleira.

Segja má að það hafi verið löngu tíma-bært að koma þessari heimasíðu í gagnið þar sem fyrri heimasíða dómstólanna var orðin úrelt og hafði ekki verið uppfærð.

Auk hagræðisins sem felst í því að hægt sé að nálgast á einum stað allar upplýsingar um dómstólana, starfsmenn þeirra og starfsemi, skiptir tvennt mestu máli fyrir almenning og þá ekki síður fyrir lögmennt; þægilegur aðgangur að dagskrá dómstólanna og birting dóma.

Dagskráin er beintengd við málaskrá dómstólanna og var í upphafi uppfærð einu sinni á dag. Ákveðið hefur verið að fjölga uppfærslum enda málaskráin lifandi og oft sett inn þinghöld með litlum fyrirvara, t.d. dómsuppkvaðningar. Mikið hagræði er af þessu, að ekki sé nú talað um sparnað á pappír en áður þurftu starfsmenn dómstólanna að senda dagskrá í allar áttir á hverjum degi svo sem til fjölmiðla og lögmannna.

Ekki er alveg jafn mikil eining um birtingu dóma héraðsdómstólanna á netinu. Vegast þar á sjónarmið um opið réttarkerfi og greiðan aðgang almennings að upplýsingum annars vegar og persónuverndarsjónarmið hins vegar. Með reglum um birtingar dóma sem koma fram í tilkynningu Dómstólaráðs nr. 1/2006 (tilkynningin er aðgengileg á síðu Dómstólaráðs) er leitast við að koma til móts við persónuverndarsjónarmiðin án þess að skerða upplýsingaréttinn.

Fylgst verður með því hvernig leit í dómasafni verður notuð fyrst um sinn og leitast við að þróa leitarvélina með



tilliti til notkunar. Heyrst hefur að leitarglugginn þyki nokkuð flókin og óaðgengilegur við fyrstu sýn og vel má vera að einfalda megi uppbyggingu hans eitthvað. Þó er fyrirhugað að bæta við möguleikanum á að leita eftir

lagagreinum en sú skráning fer þegar að einhverju leyti fram, að minnsta kosti í sakamálanum, í málaskrá dómstólanna.

Anna M. Karlsdóttir
Framkvæmdastjóri Dómstólaráðs



Árshátíð LMFÍ:

Mörður kom, sá og sigraði!

Heiðursgestur var tilvonandi fyrrverandi forseti ÍSí, Ellert B. Schram.



Gyllti salur Hótel Borgar var vettvangur árshátíðar LMFÍ þetta árið og þrátt fyrir óvenjulegt fámenni þótti árshátíðin takast með afbrigðum vel. Það bar helst til tíðinda að hinn frægi Mörður lögmaður sýndi loksins sitt rétta andlit. Segja má að hann hafi komið flestum á óvart – en samt ekki. Skari skripó var veislustjóri og sýndi töfrabrogð jöfnum höndum. Ellert B. Schram var heiðursgestur hátíðarinnar og var töfrandi!

F.v. Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Kristín Edwald og Einar Karl Hallvarðsson.



Það er óvenjulegt að menn handsali samningum á árshátíð en það gerðist þó að þessu sinni. Hér sést Ragnar H. Hall taka í hönd Marðar stjórnulögmanns sem mun, eftir því sem sögur segja, hafa samþykkt að verða meðeigandi á stofu Ragnars, Mörkinni lögmannsstofu. Þetta eru áreiðanlegar fréttir frá Gróu á Leiti.



Skari skripó þurfti aðstoð við ýmis sýningaratriði á árshátíðinni. Hér er Guðríður M. Guðmundsdóttir að blása sápukulur af mikilli list.



Gestir voru boðnir í kokteil í aðalútibú Landsbanka Íslands fyrir árshátíðina. Til vinstri er gestgjafinn, Halldór J. Kristjánsson bankastjóri en Hildur Friðleifsdóttir og Þorbjörn Jónsson eru með honum á myndinni.





Starfsmenn og makar frá Lex lögmannsstofu, skemmtu sér ágætlega.



Anna Linda Bjarnadóttir og Ægir Guðbjarni Sigurðsson.



Formaður árs hátíðarnefndar var Smári Hilmarsson (t.h.) en hann lætur fátt raska ró sinni. Hér sést hann á góðri stundu ásamt konu sinni, frú Jónönnu Halldóru Marteinsdóttur og Kari Þráinssyni.



Skari Skrípó sýndi listir sínar og var flottastur!



F.v. Hjördís E. Harðardóttir og Steinunn Guðbjartsdóttir.



Eins og allir lögmennt vita hefur Mörður lögmaður marga fjöruna sopið í amstri hversdagsleikans. Hér sést hann með Guðfinnu Jónönnu Guðmundsdóttur sem er ein af mörgum "lögfreyjum" (eins og hann kallar stallsystur sínar) sem hann hefur átt samskipti við.



Hvort Ólafur Ragnarsson og Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir séu að ræða lögfræðileg mál eða velta einhverju öðru fyrir sér fyrir sér skal látið ósagt en íbyggin eru þau!

Helga Melkorka Öttarsdóttir og Helgi Jóhannesson.

Frá úrskurðarnefnd lögmanna

Kvartað yfir harkalegum innheimtuaðferðum og kostnaði

Mál nr. 1/2005.

A seldi fyrirtækinu B bát en rifti síðan kaupunum vegna vanefnda B. Ágreiningur reis um uppgjör og var skorið úr þeim ágreiningi í dómsmáli. A var dæmdur til að greiða B um 22,5 milljónir króna auk dráttarvaxta og málskostnaðar, að fráreginni gagnkröfu sem A hafði haft uppi til skuldajafnaðar. Gagnkrafa A nam 21,3 milljónum króna en í héraðsdómi var fallist á rétt hans til að draga 8,1 milljón króna frá kröfu B. A áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar með kröfu um að skuldajafnaðarkrafa að fjárhæð 16,5 milljónir króna yrði tekin til greina. Niðurstaða réttarins var sú að A ætti rétt á 11,6 milljónum króna til skuldajafnaðar við kröfu B. Málskostnaður var felldur niður á báðum dómstigum.

Lögmaður B (L) gætti hagsmuna hans á báðum dómstigum. Áður en til áfrýjunar kom á niðurstöðu héraðsdóms fór hann fram á fjárnám í eignum A til tryggingar kröfu B. Fjárnámsgerðin var árangurslaus og í framhaldinu krafðist B þess að bú A yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Eftir að niðurstaða Hæstaréttar lá fyrir fór fram uppgjör milli málsaðila. Nokkru síðar var A krafinn um málskostnaðartryggingu í öðru máli, þar sem bú hans var undir gjaldþrotaskiptum. Í ljós kom að krafa B í þrotabú A hafði ekki verið afturkölluð

í kjölfar uppgjors milli þeirra, vegna ógreidds kostnaðar af innheimtu og skiptameðferð. Nam kostnaðurinn 319.402 krónum. Að kröfu B samþykkti A víxil fyrir fjárhæðinni gegn því að krafan í þrotabúinu yrði afturkölluð. A fékk bú sitt afhent til frjálstrar ráðstöfunar.

A sendi erindi til úrskurðarnefndar lögmanna þar sem m.a. var kvartað yfir harkalegum innheimtuaðferðum L. Taldi A að gengið hefði verið lengra í þeim aðgerðum gegn sér en tilefni var til. Ljóst hefði verið að dómi héraðsdóms yrði áfrýjað til Hæstaréttar, auk þess sem A hefði ekki verið í vanskilum við aðra viðskiptamenn sína. Innheimtuaðgerðir L hefðu skapað sér margvísleg óþægindi og kostnað. Að auki kvartaði A yfir því að innheimtukostnaðurinn hefði verið langt umfram það sem eðlilegt gæti talist.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndar var fallist á rök L fyrir því að fullnustugerðin hjá A hefði verið eðlilegur liður í hagsmunagæslu fyrir B. Um innheimtukostnaðinn var á það bent í niðurstöðunni að ekkert samnings samband hefði verið milli A og L, sem krafan um innheimtukostnaðinn hefði byggst á, heldur væri þar um að ræða kröfu B um bætur úr hendi A vegna málarekstursins fyrir dómi og eftirfarandi fullnustugerða. Byggðist krafan þannig á heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, en samkvæmt

því ákvæði yrði aðför til fullnustu kröfu sem aðfararheimild væri fyrir, eftir því sem við gæti átt, einnig gerð fyrir m.a. kostnaði af kröfu, málskostnaði eða innheimtukostnaði, endurgjaldi kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegum kostnaði af frekari fullnustugerðum.

Nefndin benti einnig á að samkvæmt íslenskri dómaframkvæmd teldist kostnaður af fullnustugerðum, sem félli til áður en dómur gengi í Hæstarétti, til málskostnaðar í því máli, sbr. hæstaréttardóm í málinu nr. 462/1998, uppkveðnum 4. desember 1998. Í hæstaréttarmáli því, sem erindi A fjallaði m.a. um, hefði málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verið látinn falla niður. Samkvæmt þessu hefði umbjóðandi L ekki átt lögvarinn rétt til þess að fá bættan úr hendi A þann kostnað, sem hlaut af fullnustugerðunum undir áfrýjun málsins.

Loks kom fram í niðurstöðu nefndarinnar að hvorki 26. né 27. gr. lögmannalaga nr. 77/1998 fælu í sér heimild fyrir nefndina til að ákveða í úrskurðarorði um skyldu lögmanns til að endurgreiða oftekinn kostnað til gagnaðila umbjóðanda hans.

(Úrskurðir nefndarinnar eru birtir á heimasíðu LMFÍ)



Eyrún Ingadóttir

Námsferð til San Francisco

Nú er verið að vinna við skipulagningu á námsferð félagsins til San Francisco en reiknað er með að 50 manns fari á vegum félagsins þangað dagana 2.-9. september næstkomandi. Félagið hefur komist í samband við The Bar Association of San Francisco sem ætlar að vera okkur innan handar varðandi fræðilega dagskrá.

Heimasíða Lögmannafélags Íslands

Ný heimasíða félagsins fer senn að komast í loftið eftir gagngerar endurbætur. Reynt verður að gera síðuna enn meira lifandi og aðgengilega en verið hefur og verður spennandi að fá viðbrögð lögmanna við henni.


Bóksafn LMFÍ

Til stendur að nota sumarmánuðina í að mála og endurbæta bókasafn LMFÍ og mun það því vera lokað þann tíma. Við vonum að það komi ekki að sök. Ég minni á að bækur sem eru á bókasafni LMFÍ eru í gagnagrunninum www.gegnir.is. Þar geta lögmenn leitað á einum stað að upplýsingum um bækur og fengið upp hvort þær séu til hjá LMFÍ, í Þjóðarbókhöfðu, HÍ, HR, Bifröst og jafnvel annars staðar á landinu.

Námskeið vorannar

Nú er nýlokið við síðasta námskeið vorannar. Alls 100 manns sóttu námskeiðin en félagið fékk nú sem endurnær helstu sérfræðinga á hverju sviði fyrir sig til að sinna kennslu á námskeiðunum. Þessi námskeið voru: Skiptastjórn þrotabúa; Sjaria: lög múslima; Notkun excel töflureiknis við skiptastjórn; Réttarstaða í óvígðri sambúð og fjárskipti við slit sambúðar; Kröfugerð og varnaraðild í málum á hendur ríkinu og að lokum Skaðabótareglur og riftunarreglur í nýjum kaupalögum. Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim kennurum sem lögðu sitt lóð á vogarskálar sínar svo þessi námskeið yrðu að veruleika.

Félagsdeild LMFÍ óskar lesendum gleðilegs sumars



Þessa mynd tók Haukur Örn Birgisson af Öræfunum daginn eftir gönguna miklu.

Hvannadalshnjúkur

Um miðjan maí stóð félagsdeild LMFÍ fyrir göngu upp á Hvannadalshnjúk. Til undirbúnings fyrir gönguna var farið í æfingargöngur upp á Esju og Helgafell. Auk þess voru haldnir tveir undirbúningsfundir með fararstjóranum sem var Haraldur Örn Ólafsson pólfari og lögfræðingur með meiru. Honum tókst með frábærri skipulagningu að koma öllum hópnum heilum á höldnu bæði upp á hnjúkinn og niður aftur. Alls voru það 35 manns sem fóru í gönguna en bíða verður með myndarlega frásögn af þessari ferð þar til í næsta Lögmannaþingi.

Af Merði lögmanni

Það var létt yfir Merði þegar hann gekk að hliði númer fimm í Leifsstöð þar sem farþegar á leið til Kaupmannahafnar biðu eftir að vera hleypt um borð. Mörður rifjaði upp síðustu ferð sína til Kaupmannahafnar árið 1978 sem reyndar var í eina skiptið sem hann hafði heimsótt þessa fornu höfuðborg Íslands ef frá er talin ferð sem hann fór sem strákur með Einari ömmubróður sínum sem verið hafði bryti á gamla Laxfossi. Sú ferð var Merði í barnsminni en ferðin á Norræna lögfræðingahólinum 1978 var hins vegar í fersku minni. Viðveran á þinginu sjálfu var reyndar ekkert ýkja eftirminnileg en gleðskapurinn sem danskurinn bauð upp á var þeim mun skýrari í endurminningunni. Það mátti danskurinn eiga að hann kunni að halda veislur hugsaði Mörður og það var ekki laust við að sælubylgja hríslaðist um skrokkinn þegar hann rifjaði upp þessa daga í Köben.

Að þessu sinni átti Mörður mikilvægt erindi til Kaupmannahafnar. Seint á síðasta ári hafði hann tekið að sér einkaskipti á dánarbúi eftir aldraðan sjómann suður með sjó. Þegar hann var við það að ljúka skiptum fengu börn hins látna bréf frá lögmanni í Kaupmannahöfn þar sem fram kom að sá gamli hefði átt tvö börn með danskri konu og að þau gerðu nú kröfu um sinn arfshluta. Mörður hafði sett sig í samband við þennan danska kollega og þeir sammælt um að hittast í Kaupmannahöfn til að fara yfir málið. Mörður var nokkuð ánægður með þessa þróun mála og leyfði sér meira að segja að gæla við þá hugsun að fundurinn í Kaupmannahöfn kynni að vera upphafið að einhverju samstarfi. Það yrði nú aldeilis upplit á stjórnulögmönnum ef nýtt skilti kæmi í gluggann á litlu stofunni á Njálsgötunni: „Hermannsson & Möller Advokatfirma.“ Ekki þurfti Mörður að skammast sín fyrir dönskukunnáttuna enda alinn upp við lestur á Hjemmet og Alt for Damerne sem mamma hans hafði verið áskrifandi af í áratugi og Mörður jafnan lesið spjaldanna á milli.

Mörður mjakaði sér inn eftir sætaganginum í flugvélinni með gömlu skjalatöskuna og leit á brottfararspjaldið áður en hann kom sér fyrir. Jú, þetta var rétta sætið - Hermannsson, Mordur - Seat 18B. Mörður virti fyrir sér farþegana sem streymdu inn. Hann þekkti nokkur andlit ungra manna á uppleið úr sjónvarpsfréttum og dagblöðunum. Þeir voru sjálfsagt nýbúinir að kaupa fyrirtæki eða banka í Danmörku og voru nú á leið utan til að kenna fyrrum nýlenduherrum hvernig gera eigi business. Auðvitað komu þessir vel stroknu drengir sér fyrir á „Business Class“ því ekki gátu þeir látið spyrjast út að sést hefði til þeirra með meðal alþýðunnar á öðru farrými.

En hvað var nú þetta? Mörður sá ekki betur en að gamall skólafélagi úr menntaskóla sem endað hafði í sálfræði eða einhverri annarri hliðargrein í háskólanum, væri að koma sér fyrir innan um ungu stórvesírana frammi í vél. Þessi gamli skólaborðir hafði unnið sér til frægðar að vera kallaður Siggí „ofur-sáli“ en hann var sérfræðingur í barna- og unglingsálfræði og það fór varla skilnaðar-eða forsjármál fyrir dómstóla öðruvísi en að „ofur-salinn“ kæmi þar með sérfræðialit. Mörður hafði heyrt því fleygt meðal kolleganna að Sigurður væri meira í dómsölum en lögmenn. Mörður gaf reyndar ekki mikið fyrir álit þessara sérfræðinga en hann var hins vegar alveg tilbúinn til að taka ofan hattinn fyrir dugnaði þeirra við að fá reikningana sína greidda hjá dómstólum sem venjulega samþykktu þá umyrðalaust. Það væri nú eitthvað annað ef það sama gildi einnig um reikninga lögmanna sem miskunnarlaust voru skornir niður eins og riðufé og það án nokkurra skýringa! Mörður hafði reynt það á eigin skinni bæði í þeim fáu gjafsóknarmálum sem hann hafði tekið að sér á starfsævinni og ekki síður í sakamálum. Ekki bætti heldur úr skák að sjálfur dómsmálaráðherra hafði skipað einhverja ráðuneytisþódentáta í sérstaka nefnd til að finna enn

flairi leiðir til að skera þessa aura niður. Mörður hafði reyndar bæði kosið ráðherrann í borgarstjórn og á þing fyrir áeggjan móður sinnar vegna frændsemi. Merði fannst þetta reyndar dálítið sérstakt hjá gömlu konunni þar sem hann þekkti enga í móðurætt sem kosið höfðu annað en Framsóknarflokkinn!

Mörður ákvað að nú þyrfti hann aðeins að æfa sig fyrir Kaupmannahafnardvölinu og pantaði tvo bjóra og gott viskí. Hann hafði reyndar ekki bragðað áfengi síðan á árshátíð lögmanna á Borginni í mars því hann hafði ekki langað að smakka það síðan þá. Mörður gat ekki munað hvort hann og annar lögmaður hefðu gengið frá samkomulagi um að sameina stofurnar en eitthvað hafði verið handsalað þarna um kvöldið, svo mikið vissi hann. Kannski yrði að bæta einu nafni enn við á skiltið góða. „Hermannsson, Hall og Möller Advokatfirma“ hljómaði líka ágætlega en þetta yrði allt að hafa sinn tíma.

Mörður hallaði sér aftur í sætinu og fann að ölið og viskíð var farið að virka. Hann lét fara vel um sig meðan hugurinn reikaði um væntanleg afrek og ævintýri í Kaupmannahöfn. Hann hrökk upp úr þessum dagdraumum sínum við hvella rödd flugstjórans í hátalarakerfinu sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum sá sig knúinn til að upplýsa hvert verið væri að fljúga og hvernig veðrið væri á áfangastað rétt eins farþegar hefðu eitthvert tækifæri til að ákveða að fara eitthvað annað. Merði rann í skapi og sá sig knúinn til að hnýta í flugfreyju sem skautaði framhjá með sitt uppstoppaða bros, hvort þessi strætóbílstjóri háloftanna hefði ekkert betra að gera en að trufla farþegana? Hann fékk kalt augnaráð frá frökeninni og brosið var alveg horfið. Hann ákvað að láta þar við sitja en endurnýja þess í stað birgðirnar af brjóstbirtunni.

„Þerna! Kondu með fjórar dósir af öli takk fyrir“ kallaði Mörður á eftir broslausu stúlkunni; „og vertu nú dálítið snögg!“.



Lingo er í samstarfi við **alþjóðleg fræðslusetur** og skóla sem sérhæfa sig í þjálfun stjórnenda- og sérfræðinga.

Í boði er mikið úrval sérsniðinna námskeiða fyrir þá sem hafa **góðan grunn í ensku**, en vilja bæta stöðu sína og ná betri tókum á lögfræðilegu tungutaki og orðanotkun.

Þetta er hagnýt þjálfun og þrautreyndir kennarar tryggja að það verða **miklar framfarir á stuttum tíma**.

Form námskeiða: Samsett námskeið, smáhópur (2-6) og einkaþjálfun.

Tími: Tveir til þrjú dagar, ein vika, eða tvær - og í boði allt árið.

Sérsniðin tungumálþjálfun fyrir lögmenn og löglærða

WWW.LINGO.IS • INFO@LINGO.IS • SÍMI 562 2220

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

Executive
& Professional
Language Training
lingo
MÁLAMIÐLUN



Björn Þorvaldsson, löglærður
fulltrúi hjá RLS.

Gagnrýni á lögreglu og ákærvald svarað

Síðustu misserin hefur mjög færst í vöxt að lögmenn gagnrýni störf lögreglu og ákærvalds. Þótt stundum eigi slík gagnrýni fullan rétt á sér og sé málefnaleg þá gerist það því miður oft að rangt er farið með. Hefur ákærvaldið að mestu látið það yfir sig ganga, jafnvel þótt langt sé gengið í rangfærslum, enda ekki í góðri aðstöðu til að svara fyrir sig og fjalla um einstök mál. Þetta virðist hafa leitt til þess að sumir lögmenn hafa gengið á lagið og farið mikinn í fjölmiðlum, líklega með það að leiðarljósi að ef eitthvað sé sagt nógu oft þá fari menn að trúá því, sé því ekki mótmælt.

Í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins birtist grein eftir Garðar G. Gíslason hdl. sem hann kaus að nefna „Á skal að ósi stemma“. Fjallar hann þar um tvo nýlega dóma Héraðsdóms Reykjavíkur sem hann telur vera ranga, að því er virðist aðallega vegna mistaka

lögreglu og ákærvalds við rannsókn málanna og ákærugerð. Var reyndar fallist á málatilbúnað ákærvaldsins í báðum þessum málum en af grein lögmansins má ráða að það megi helst rekja til þess að dómarar í umræddum málum hafi verið mataðir á röngum staðreyndum af ákæranda málsins og kokgleypt þær án þess að verjendur ákærðu fengju neitt við ráðið.

Fyrra málið

Fyrra málið sem lögmaðurinn fjallar um í umræddri grein er dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 11. október 2005, í máli nr. S-737/2005, þar sem stjórnarmaður í einkahlutafélagi var ákærður fyrir að hafa vanrækt að standa skil á innheimtum virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins. Í grein lögmansins segir m.a.:

„Ákæran í málinu byggði að stórum

hluta á skýrslum og skilagreinum sem staðin voru skil á eftir að ákærði hvarf frá störfum hjá félaginu. Af þeim sökum var hinn ákærði í raun ekki í stakk búinn til að tjá sig um efnislegt réttmæti þeirra.“

Þetta er rangt. Ákærði í málinu var starfandi hjá félaginu allan þann tíma sem ákært var vegna og var það ekki einu sinni umdeilt í málinu. Undirritaði hann t.d. sjálfur flestar virðisaukaskattsskýrslur vegna þeirra tímabila sem ákært var vegna. Einu virðisaukaskattsskýrslurnar sem ákærði kvað hafa verið skilað eftir að hann hætti störfum hjá félaginu var leiðréttingaskýrsla virðisaukaskatts sem varðaði m.a. tvö tímabil sem ákært var vegna og skýrsla sem varðaði eitt tímabil. Það kom hins vegar fram í gögnum málsins að leiðréttingaskýrslan var í raun lögð fram af ákærða sjálfum skömmu áður en hann hætti störfum, þótt það hafi reyndar ekki hlotið umfjöllun í dómnum.

Varðandi staðgreiðsluna þá var fjórum skilagreinum af sex skilað áður en ákærði hætti störfum hjá félaginu en ákærði hafði vanrækt að standa skil á tveimur. Að baki fjárhæðum í ákæru lágu síðan ekki aðeins umræddar skilagreinar og skýrslur heldur einnig t.d. sundurlíðanir varðandi launagreiðslur til einstakra launþega félagsins. Var því grundvöllur ákærunnar skýr að þessu leyti sem öðru og hlaut stöð í framburðum vitna fyrir dómi. Þá breytir það að sjálfsögðu ekki ábyrgð ákærða á vanskilum að hafa ekki staðið skil á skilagreinum og skýrslum. Eru það reyndar sjálfstæð brot samkvæmt refsiaðvæðunum.

Þá heldur lögmaðurinn því fram í greininni að ekki hafi legið fyrir að laun hafi verið greidd og því hafi ekki verið um það að ræða að haldið hafi verið eftir af þeim fé til staðgreiðslu opinberra gjalda svo sem ákært var fyrir. Þetta er einnig rangt og var ekki heldur deilt um það í málinu. Skilagreinar og sundurlíðanir lágu fyrir og ákærði fullyrti sjálfur þegar skýrsla var tekin af honum hjá skattranssóknastjóra að laun hefðu verið greidd að fullu og á réttum tíma þann tíma sem hann var hjá félaginu. Kom heldur ekkert fram sem við meðferð málsins sem benti til að svo hefði ekki verið og var því ekki haldið fram af hálfu ákærða eða verjanda hans á neinum stigum þess. Þessar hugleiðingar lögmannsins eru því furðulegar og umfjöllun hans um þennan dóm öll með hreinum ólíkindum.

Seinna málið

Síðari dómurinn sem lögmaðurinn fjallar um er dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. október 2005, í máli nr. S-739/2005. Þar voru þrír menn ákærðir sem stjórnarmenn og framkvæmdastjóri hlutafélags, fyrir að hafa vanrækt að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda. Eins og fram kemur í grein lögmannsins taldi ákæruvaldið brot þeirra m.a. varða við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, þ.e. að um meiri háttar brot hefði verið að ræða. Fullyrðir lögmað-

urinn að þar hafi ákæruvaldinu orðið á mistök þar sem vanskil hefðu ekki verið slík að það varðaði við umrædda grein.

Þetta telur sá sem þetta skrifar vera rangt, eins og reyndar dómari málsins. Vanskil í málinu voru kr. 2.033.192, og náðu þau yfir þriggja mánaða tímabil. Í málum af þessu tagi hefur verið miðað við að til að brot teljist meiri háttar þurfi vanskil að nema a.m.k. 2-3 milljónum króna, allt eftir málavöxtum að öðru leyti. Er í 3. mgr. 262. gr. rakið hvers taka beri tillit til þegar skoríð er úr um hvort brot teljist meiri háttar. Ber samkvæmt því að líta til þess hvort brotið lúti að verulegum fjárhæðum, hvort verknaður sé framinn með sérstaklega vítavörðum hætti eða við aðstæður sem auki mjög saknæmi brotsins og loks beri að líta til sakaferils þess ákærða. Þá kemur fram í greinargerð við 1. gr. frumvarpsins, sem innleiddi þessa lagagrein í almenn hegningarlög og varð að lögum nr. 39/1995, að meðal þess sem auki saknæmi brots sé að um framhaldsbrot sé að ræða. Það að halda fram að heimfærsla skattamála undir þessa lagagrein grundvallist eingöngu á fjárhæðum er því mikil einföldum, svo ekki sé meira sagt. Þegar brot er á mörkum þess að teljast meiri háttar hefur það verið heimfært undir 262. grein í ákæru og þannig lagt í hendur dóms að meta hvort brot teljist meiri háttar.

Í máli því sem hér um ræðir þótti rétt, með vísan til þess sem að framan er rakið, að ákæra fyrir stórfellt skattalagabrot. Ljóst var að það væri á mörkunum að svo væri en með hliðsjón af málavöxtum var talið rétt af hálfu ákæruvaldsins að láta á það reyna. Var málið að sjálfsögðu m.a. flutt um þessa heimfærslu og héldu verjendur ákærðu því fram að hún væri röng. Ákærandinn hélt því hins vegar fram að brotið, virt í heild, væri þess eðlis að um meiri háttar brot væri að ræða og á það féllst dómari málsins. Er því merkilegt að haldið sé fram, eftir að dómur liggur fyrir, að ákæruvaldinu hafi orðið á mistök með

þessari heimfærslu. Vissulega var brotið á mörkum þess að teljast meiri háttar brot, en jafnvel þótt niðurstaða dómsins hefði verið að sýkna af broti gegn 262. gr. almennra hegningarlaga væri ekki eðlilegt að halda fram að heimfærslan hafi verið mistök af hálfu ákæruvalds.

Refsingar í skattamálum hafa oft verið þungar og í sumum tilvikum má segja að þær hafi verið ósanngjarnar. Fésekt var bundin lágmarki og undan því varð ekki komist. Leiddi þetta til þess að breytingar voru gerðar á refsiaðvæðum skattalaga með lögum nr. 134/2005, sem tóku gildi þann 20. desember. sl. Hafa þegar fallið dómur í Hæstarétti á grundvelli þeirra og er ljóst að afleiðingar þeirra verða verulegar og til mikilla bóta. Þeim héraðsdómum sem hér hafa verið til umfjöllunar hefur báðum verið áfrýjað og má vera að Hæstiréttur dæmi í þeim til vægari refsinga vegna breyttra laga. Það breytir hins vegar engu um réttmæti dómanna þegar þeir féllu, enda höfðu hin nýju lög þá ekki tekið gildi.

Málflutningur í fjölmiðlum

Eins og rakið var hér í upphafi greinar færast það sífellt í vöxt að lögmenn komi fram í fjölmiðlum og í raun flytji mál skjólstæðinga sinna þar. Þá er þar iðulega sett fram gagnrýni á lögreglu og ákæruvald. Að sjálfsögðu eru ákærendur og lögregla ekki hafin yfir gagnrýni og það hendur að mistök eru gerð við rannsókn mála og ákæru-gerð. Það er hins vegar algerlega óþolandi þegar lögmenn kasta fram röngum og rakalausum fullyrðingum í fjölmiðlum sem virðast til þess eins ætlaðar að rýra tiltrú fólks á ákæruvaldi og lögreglu. Vonar sá sem þetta skrifar að sá litli hluti lögmanna sem þetta stundar láti af þeirri háttsemi og að umræða um störf ákæruvalds og lögreglu geti orðið málefnalegri en oft hefur verið undanfarið.

NÁMSKEIÐ ERLENDIS

Lögmenn eru duglegir að nýta sér endurmenntun en árlega sækja um 250 manns námskeið á vegum LMFÍ. Auk þess halda endurmenntun Háskóla Íslands og Háskólinn í Reykjavík ýmis námskeið. Lögmenn sækja einnig námskeið erlendis en á heimasíðu LMFÍ er tengill þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um ráðstefnur og námskeið fyrir lögmenn sem haldin eru úti í heimi. Lögmannaþingið lék forvitni á að vita meira um þau námskeið og ræddi við tvo utanfara, þá Viðar Lúðvíksson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Viðtal við Viðar Lúðvíksson:

Þekkingin kemur með reynslunni og sjálfstraustið með kennslunni

Hvaða námskeið sóttir þú?

Ég sótti námskeið sem hét „International Commercial Agreements“ sem tók meðal annars til samningsgerðarinnar sem slíkrar, túlkunar alþjóðlegra samninga, samkeppnisréttar og alþjóðlegs einkamálaréttar. Við fáum reglulega bæklinga frá Hawksmere á Englandi en höfum alltof oft ýtt gylliboðum þeirra frá okkur með þeim rökum að námskeiðin séu of dýr, of langt í burtu og of tímafrefk. Í þetta sinn ákváðum við hins vegar að slá til og ég skellti mér til Lundúna með tveimur samstarfsmönnum mínum, þeim Grími Sigurðssyni og Ívari Pálssyni.

Fannst þér námskeiðið vera gagnlegt?

Námskeiðið stóð fyllilega undir væntingum, enda var kennslan í höndum fólks með mikla þekkingu og reynslu á viðkomandi sviðum. Fyrirlesararnir voru áhugasamir og þátttakendur á námskeiðinu sömuleiðis. Ég hef rekið mig á það í mínu starfi að þekkingin kemur með reynslunni en sjálfstraustið kemur með kennslunni. Það á sérstaklega við þegar þér er „kennt“ eitthvað sem þú kannt þá þegar. Þó að

við vinnufélagarnir höfum lært mikið á námskeiðinu þá þótti okkur einnig gott að fá staðfestingu á því sem við kunnum fyrir. Auk þess var áhugavert að kynna öðrum þátttakendum, þankagangi þeirra og vinnubrögðum. Þeir áttu það flestir sameiginlegt að starfa hver á sínu þrönga sviði og virtust lítið hafa komið nálægt nokkru öðru en nákvæmlega því sviði. Það er vissulega kostur í einhverjum tilvikum – eðli máls samkvæmt – en á móti kemur að of mikil sérhæfing getur bitnað á yfirsýn og hæfileikanum til að sjá ólíka fleti á sama málinu. Fyrirlestrarnir á námskeiðinu voru hins vegar fjölbreyttir og mynduðu skemmtilega heild um fjölmörg ólík svið við gerð samninga milli landa og það held ég að hafi gagnast öllum á námskeiðinu.

Hver er afstaða þín til endurmenntunar lögmanna?

Ég er þeirrar skoðunar að endurmenntun sé nauðsynleg öllum. Hér á við gamla klisjan að dvöl erlendis, hvort sem þangað er sótt menntun eða annað, gerir mönnum jafnan gott og vikkar sjóndeildarhring þeirra. Það



Viðar Lúðvíksson.

er hins vegar alls ekki nauðsynlegt að sækja þekkinguna sem slíka út fyrir landsteinana enda þurfum við ekki að líta lengi í kringum okkur til að sjá að á Íslandi er allt sneisafullt af vel menntuðu, metnaðarfullu og hæfu fólki sem getur miðlað af þekkingu sinni.

Viðtal við Jóhannes Albert Sævarsson:

Öll endurmenntun af hinu góða

Hvers konar námskeið sóttir þú ?

LMFÍ sendi dreifipóst á netinu með auglýsingu um námskeið um persónuskaðatryggingar frá Advokaternes Serviceselskab sem er einskonar þjónustu- og upplýsingatorg fyrir danska lögmenn. (sjá www.advokatsamfundet.dk). Efnið vakti áhuga minn og ekki spillti fyrir að námskeiðið var haldið í Þórshöfn í Færeyjum í maí 2005. Það voru svo jóskir lögmenn frá Hjulmand & Kaptain sem höfðu umsjón með námskeiðinu.

Stóð námskeiðið undir væntingum?

Þetta var afar gagnleg upprifjun. Það var farið yfir mörg praktísk atriði varðandi öflun og framlagningu gagna í bótamálum og við rekstur bótamála almennt. Námskeiðið var að vísu sniðið að færeyskri löggjöf og réttar-



Jóhannes Albert Sævarsson

reglum en flest kom þar Íslendingi samt kunnuglega fyrir sjónir enda margt líkt með skyldum. Ég var þó aðallega að sækjast eftir yfirferð á


danskri réttarframkvæmd á sviði skaðabótaréttar.

Verður þú var við að lögmenn sæki í auknum mæli námskeið erlendis?

Nei, ég verð lítið var við það. Margar stofur eru þó í alþjóðlegum lögmennasamtökum þar sem boðið er upp á regluleg málþing, eitt til tvö á ári og þangað sækja margir þeir sem standa mér næst sína endurmenntun.

Hver er afstaða þín til endurmenntunar lögmanna?

Ég tel alla endurmenntun af hinu góða. Ekki er þó nauðsynlegt að lögmenn sæki þá menntun til útlanda þar sem margt gott er í boði hérlendis. Það sem er vel gert annars staðar getum við gert fullt eins vel hér á landi.



Mannréttindasáttmáli Evrópu
Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.

Fyrsta heildstæða íslenska fræðiritið um sáttmálann. Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu og dóma Mannréttindadómstólsins á þróun mannréttindaverndar í Evrópu eru viðtæk og hafa leitt til grundvallarbreytinga á lögum og lagaframkvæmd í flestum aðildarríkjum hans. Í bókinni er fjallað ítarlega um hvert efnisákvæði sáttmálans, inntak þess krufið og lýst stefnumarkandi niðurstöðum.

Dómreifanir Mannréttindadómstóls Evrópu

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands hyggst gefa reglulega út reifanir dóma Mannréttindadómstólsins til að breiða út þekkingu um framkvæmd hans meðal íslenskra lögfræðinga. Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á íslenska rétt sl. áratug eru umtalsverð. Til þess að átta sig á inntaki verndar sáttmálans er nauðsynlegt að kunna skil á því hvernig Mannréttindadómstóllinn hefur skýrt ákvæði hans.



www.haskolautgafan.hi.is
hu@hi.is



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.

